



Skuggar og skilningsljós
Ólöf Björg Björnsdóttir



2. TIL 24. MAÍ 2015

In her paintings and installations Ólöf Björg has developed a highly personal pictorial world and a forceful, expressive style. Her paintings are often characterised by bright, clashing colours and her flowing brush lines tease out insistent figures and shapes on the canvas. They seem to be painted in a flood of expression and her subject is the human form – the human being – and its search for self-understanding. Ólöf Björg herself has said that she is searching in her art for what the Danish philosopher Søren Kirkegaard called a leap of faith, a new understanding beyond the every-day world that can open new possibilities and avenues in both life and art.

The paintings in this exhibition are new and they show us a new stage in Ólöf Björg's approach. They are airier and sparser than before though one can still see the bright and expressive colours she has always used in her painting. She paints on ungrounded canvas and her figures seem to grow out of the rough background, painted with a sure and flowing hand. Even so, these paintings are every bit as insistent, even aggressive, as her older works, despite being more muted, both in colour and subject matter. I may be that Ólöf Björg has now taken the leap just like Kirkegaard.

The philosopher's idea was that by taking a leap of faith to believe and trust in god, without being able to justify one's faith with logic, one can achieve understanding of oneself. Here art has taken on the role of god and the leap is achieved in the creative process itself. A painter who wants to express him- or herself honestly stands defenseless in front of the canvas and his own self. If the painting is to come to life the artists can hold nothing back and the creative process thus involves a great personal risk, even a mortal risk. The artist takes on this risk and then attempts to get through it by painting. For someone who sets out on such a journey, painting can be a kind of therapy or healing process – when it is successful. Some lose themselves in the anguish and never reach their destination.

Perhaps we can see Ólöf Björg's new style of painting as proof of her having taken the leap. Certainly, we can still sense the flood of expression and we sense that she risks all on her art but they are executed with a surer hand and with a clearer purpose, as though she has managed to step out of her self and trust and believe fully in the painting instead. The paintings are more quiet without losing any of the impact. In fact, these are some of the most forceful paintings I have seen from Ólöf Björg's brush.

Jón Proppé

Ólöf Björg hefur í málverkum sínum og innsetningum þróað persónulegt myndmál og sterkan, tjáningarríkan stíl. Í málverkum hennar takast oft á sterkir litir og frjálsgleg og leikandi pensilskrift hennar dregur upp ágengar fígúrir og form á myndfletinum. Málverkin virðast unnin í expressjónísku flæði og hún málar gjarnan fólk og viðfangsefni hennar er manneskjan og sjálfsleit hennar. Sjálf segir Ólöf Björg að hún leiti í gegnum myndlist sína að því sem danski heimspekingurinn Søren Kirkegaard kallaði trúarstökk, að finna skilning sem er handan við hversdagsleikann og getur þannig opnað nýjar leiðir í lífinu og listinni.

Á sýningunni eru ný málverk þar sem kveður við nokkuð nýjan tón í nálgun Ólafar Bjargar. Myndirnar eru léttari og einfaldari en oft áður þótt enn megi sjá þá sterku og tjáningarríku liti sem eru helsta höfundareinkenni hennar. Hún málar á ógrunnaðan striga og fígúrir hennar spretta fram af hrjúfu undirlaginu, dregnar öruggum og litríkum línunum. Þessi málverk eru þó ekki síður ágeng en eldri verk hennar þótt þar hafi litaspilið oft verið villtara og myndmálið tilfinningaþrungnara. Það er engu líkara en að Ólöfu Björg hafi nú tekið stökkið líkt og Kirkegaard.

Hugmynd heimspekingsins var að með því að taka stökkið til að trúa og treysta á guð, án þess að geta stutt það með rökum, getum við öðlast skilning á sjálfum okkur. Hér er myndlistin í hlutverki guðs og stökkið felst í sköpunarstarfinu sjálfu. Málarinn sem vill tjá sig af einlægni og heiðarleika stendur berskjaldaður gagnvart striganum og sjálfum sér. Ef málverkið á að ná að lifna við má listamaðurinn ekki draga neitt undan og í sköpuninn felst þannig mikil persónuleg áhætta, jafnvel lífsháski. Málarinn setur sjálfan sig í þennan háska og reynir svo að mála sig út úr honum. Fyrir þann sem leggur í þetta ferðalag getur sköpunin þannig verið ígildi einhvers konar þerapíu eða heilunar – þegar vel tekst til. Sumir tynast í angistinni sem þessu fylgir og sjá aldrei til lands.

Kannski má þá túlka þennan nýja stíl Ólafar Bjargar út frá hugmyndinni um trúarstökkið. Það er vissulega enn greinilegt að myndirnar verða til í flæði og allt lagt undir en þær virðast unnar af meira öryggi sem jafnvel má þá skilja þannig að hún hafi náð að stíga út úr sjálfri sér og trúa og treysta á málverkið sjálft. Um leið verða myndirnar rólegri án þess þó að missa kraftinn. Þvert á móti virðast mér þessi nýju málverk vera með þeim kröftugustu sem ég hef séð frá henni.

Jón Proppé